



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 23. apríl 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 17:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur sveitarfélagsins 2023 – Fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2023 til fyrri umræðu.

Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun ársreiknings fyrir A- og B-hluta sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur.

Fram kom að niðurstaða ársreiknings er neikvæð.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða með 5 atkvæðum að vísa ársreikningi til síðari umræðu.

#### 2. Rekstraryfirlit janúar-mars 2024 og framkvæmdayfirlit.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-mars 2024 og framkvæmdayfirlit sem verkefnastjóri fjármála og starfandi sveitarstjóri fóru yfir og útskýrðu.

Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

#### 3. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

#### 4. Útboð á tryggingum sveitarfélagsins

Tilboð voru opnuð 25. mars 2024 í tryggingar sveitarfélagsins. Fjögur tilboð bárust, frá Sjóvá, TM, VÍS og Verði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að taka lágsta tilboði sem kom frá VÍS og uppfyllti öll skilyrði útboðsins. Starfandi sveitarstjóra falið að undirrita samning vegna þess.



#### 5. Uppbygging á Herring Hotel í húsnæði gömlu síldarverksmiðjunnar á hafnarsvæði

Lögð fram drög að afsali vegna Hafnarlóðar 9 til Fasteignafélagsins Þingeyrar háð ákveðnum skilyrðum og takmörkunum.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu til næsta fundar þar sem endanleg tillaga að afsali verður tekin fyrir.

#### 6. Bjartur lífsstíll

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Lárusi Ægi Guðmundssyni dags. 18 apríl 2024 um þátt hans í hópvinnu fólks frá ýmsum félagasamtökum í A.Hún undir kjörorðinu Bjartur lífsstíll.

Um er að ræða átaksverkefni á vegum Íþróttasambands Íslands og Landssambands eldri borgara og er ætlað að kynna fyrir fólki 60+ um allt land fyrir ýmsum hreyfiúrræðum sem geta orðið þeim til gagns og gamans. Verkefnahópurinn hefur komið saman til að skipuleggja undirbúning svo starf geti hafist af fullum krafti næsta haust. Hópurinn hefur viðað að sér ýmsum gögnum og haft samband við þá aðila sem nú eru með starfsemi fyrir 60+ á Blönduósi og Skagaströnd. Stýrihópurinn kemur ekki að beinni framkvæmd einstakra aðgerða og gert er ráð fyrir að hver starfsemi verði sjálfbær.

Ákveðið hefur verið að halda tvo kynningarfundum þann 16. maí á Blönduósi og 23. maí á Skagaströnd.

Einnig koma fram hugmyndir og úrræði sem mætti kanna hvort áhugi væri fyrir að útfæra á Skagaströnd.

Sveitarstjórn fagnar erindinu og mun styðja við átaksverkefni um aukna hreyfingu íbúa 60 ára og eldri.

#### 7. Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur, styrkbeiðni

Lögð fram beiðni stjórnarformanns Bjarmahlíðar, dagsett 3. apríl 2024, um styrk til reksturs Bjarmahlíðar þolendamíðstöðvar á Akureyri í tilefni af 5 ára starfsafmæli samtakanna.

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við beiðninni.

#### 8. Aðalfundur Norðurár bs 19. mars 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar frá 19. mars s.l.



**9. Fundargerðir:**

**1. Stjórn SSNV nr. 105 frá 2. apríl 2024 og nr. 106 frá 10. apríl 2024**

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 105 og 106 lagðar fram til kynningar.

**2. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 946 frá 15. mars 2024**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 946

**10. Önnur mál**

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.20:15

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson

## Undirritunarsíða

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson